

SAMSTARFSSAMNINGUR GARÐABÆJAR OG SKÁTAFÉLAGSINS VÍFILS

Garðabær, kt. 570169-6109 og Skátafélagið Vífill, kt. 530576-6109, gera með sér eftirfarandi samstarfsamning.

1. gr.

Tilgangur og markmið

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á tómstundastarfi í Garðabæ.

Skátafélagið Vífill er sjálfstætt félag og starfar samkvæmt eigin lögum ásamt lögum og markmiðum Bandalags íslenskra skáta. Hlutverk félagsins er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Skátafélagið Vífill skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum af öllum kynjum skipulagt skátastarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarnargildi skátastarfs er höfð að leiðarljósi. Garðabær skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með beinum fjárframlögum.

2. gr.

Framlög Garðabæjar

Garðabær greiðir Skátafélaginu Vífli kr. 9.600.000.- sem árlegt framlag samkvæmt greiðsluáætlun sem fjármálastjóri Garðabæjar gerir í umboði bæjarstjóra og í samvinnu við íþróttafulltrúa og félagsforingja Vífils. Félagið skal ráðstafa fjárframlögum bæjarins til eftirfarandi starfsemi sinnar;

Rekstrarstyrkur

Vegna almenns rekstrar á skrifstofu

Útilífs- og sumarnámskeiða

Vegna reksturs námskeiða

Þjálfunarnámskeið fyrir foringja

Vegna námskeiða til að þjálfa upp foringja í félagsstarfinu.

Jafnframt veitir Garðabær Skátafélaginu Vífli árlegan styrk til greiðslu fasteignagjalda í samræmi við reglur bæjarins um styrki til greiðslu fasteignaskatts.

Sérstakur samningur er gerður um aðkomu Skátafélagsins Vífils og greiðslur frá Garðabæ vegna 17. júní-hátíðarhalda og Sumardagsins fyrsta.

3. gr.

Samskipti aðila

Aðalstjórn Skátafélagsins Vífils annast samræmingu á starfsemi félagsins. Garðabær tryggir að erindi sem berast bænum með öðrum hætti en frá aðalstjórn Vífils verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar kemur fram fh. Garðabæjar varðandi nánari framkvæmd samnings þessa og annast íþrótttafulltrúi dagleg samskipti við skátafélagið varðandi framkvæmd samningsins.

Félagsforingi kemur fram fh. Vífils við Garðabæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

Skátafélagið Vífill einsetur sér í starfi sínu að uppfylla öll gæðaviðmið Bandalags Íslenskra skáta. Samvinna skal vera á milli Vífils og íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar um stefnumörkun í skátastarfinu þar sem m.a. verði komið inn á áherslur og markmið beggja aðila t.d. varðandi hugsanlega þátttöku Vífils í samfelldum skóladegi barna og unglinga. Aðilar skulu sameiginlega taka afstöðu til árangurs af starfsemi félagsins.

4. gr.

Ábyrgð aðalstjórnar Skátafélagsins Vífils

Félagsforingi í umboði aðalstjórnar skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja það að bókhald sé reglulega og réttilega fært.

Allir styrkir og framlög Garðabæjar greiðast til aðalstjórnar og annast félagsforingi frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykkt rekstrar- og fjárhagsáætlunar félagsins.

Aðalstjórn Skátafélagsins Vífils ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar séu í samræmi við áætlanir og samþykktir aðalstjórnar.

Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur séu með tilskilda þekkingu eða menntun.

Leiðbeinendur þurfa að undirrita samning við skátafélagið um að vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að starfseminni lýtur. Allir sem koma að starfi með æskufólki á vegum félagsins þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum barna og ungmenna með fatlanir í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Jafnframt skal félagið vinna jafnréttisáætlun sem taka skal mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar og skipuleggja starf sitt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga. Félaginu ber einnig að taka tillit til forvarnarstefnu Garðabæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða. Skátafélagið skal setja upp áætlanir varðandi eineltismál og njóta samvinnu við Garðabæ um fræðslu og viðbrögð við þeim. Skal áætlunin byggð á forvarnarstefnu bæjarins þar sem m.a. kemur fram áhersla á að uppræta og vinna gegna einelti í skólum og félagsstarfi í Garðabæ.

5. gr.

Upplýsingaskylda Skátafélagsins Vífils

Aðalstjórn Skátafélagsins Vífils ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni eftir því sem óskað er eftir að hálfu fulltrúa Garðabæjar.

Skátafélagið Vífill skal árlega leggja fram áritaða reikninga félagsins ásamt starfsskýrslu síðasta árs. Félagið skal leggja fram áætlun um helstu verkefni og áherslur félagsins í barna- og unglingastarfi á tímabilinu. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

6. gr.

Endurskoðunarákvæði og gildistími

Samningur þessi skal gilda frá 01.01.2019 og gildir til 31.12.2021 en er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar skulu á árinu 2021 endurskoða samning þennan með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2022.

Garðabæ, xx.xx 2019

Fh. Garðabæjar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri

Fh. Skátafélagsins Vífls

Thelma Rún van Erven
félagsforingi